

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 156/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1984 frá 13. desember 2018 um viðurkenningu á „KZR INiG System“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6ax (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6ay. **32018 D 1984:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1984 frá 13. desember 2018 um viðurkenningu á „KZR INiG System“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtid. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1984, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

⁽¹⁾ Stjtid. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 25.
* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING